



Laufríðingur

FRÉTTABLAÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

26. árg. 2017 1. tbl.

Alþjóðlegur dagur skóga 21. mars



Að virkja þolinmæðina



Skógræktarfélögin á landinu eru um 60 talsins, með samtals um 7.000 félagsmenn. Að stærð eru þau mjög mismunandi – það minnsta er með um tíu meðlimi en það fjölmennasta um ellefu hundruð. Sum eru með víðfeðmt „starfssvæði“ á meðan önnur starfa á mjög afmörkuðu svæði, sum eru með marga skógarreiði á sinni könnu, önnur bara einn eða tvo. Sum skógræktarfélög starfa á svæðum þar sem aðstæður til skógræktar eru mjög góðar og nokkur skógur fyrir, á meðan önnur stunda sitt á skóglitlum svæðum, stundum við erfiðar aðstæður. Fyrir vikið er starfsemi skógræktarfélaganna mjög mismunandi og því misjafnt hversu virk félögin eru.

En það eru ekki bara þessar ytri aðstæður sem hafa áhrif á virkni einstakra skógræktarféлага. Það liggur nefnilega í eðli flestra félagasamtaka að virkni þeirra ræðst fyrst og fremst af félögunum – fólkinu sem í þeim er. Þrátt fyrir mismunandi aðstæður á hverjum stað eiga flest skógræktarfélögin sér álíka uppruna – þau spretta upp úr áhuga einstaklinga á skógrækt og ræktun í nágrenni sínu. Þessi fyrsti áhugahópur þarf ekki að vera stór, heldur skiptir meira máli að viðkomandi nái að virkja fleiri með sér. Fyrstu ár skógræktarfélags einkennast oft af mikilli elju og áhuga. Það er spennandi að fá að móta starfið og taka fyrstu skrefin – hefja ræktunina með gróðursetningu fyrstu plantnanna. Að sjá áþreifanlegan árangur af

starfinu þegar plönturnar byrja að potast upp á við.

Stóra áskorunin í félagsstarfi er hins vegar að viðhalda þessum áhuga til lengri tíma. Þótt lagt sé af stað af miklum eldmóð getur hann stundum kulnað þegar frá líður, af ýmsum ástæðum. Það er nefnilega með skógræktarfélög eins og skóginn, að til að þau vaxi og dafni þarf endurnýjun. Nýja græðlinga þarf til að fylla í þau skörð sem til verða er gömlu trén falla. Skógar með tré á ýmsum aldri þrífast best. Fyrir félagsstarfið skiptir miklu máli að fá nýja og áhugasama félaga inn í stjórn, sem leyst geta þá eldri af hólmi, enda á skógræktin að vera skemmtun og ánægja, ekki kvöð sem fólk sinnir af sektarkenndri samviskusemi langt umfram þann tíma sem það vildi, vegna þess að ekki fæst neinn til að taka við.

Stundum þarf hins vegar að bíða eftir nýju félögunum. Það getur verið erfitt og jafnvel sárt að sætta sig við þá bið – að ekki finnst arftakar að starfinu sem búið er að vinna – en það þýðir alls ekki að starfið hafi verið unnið fyrir gýg. Þótt starfsemi skógræktarfélags dofini eða falli niður um tíma halda plönturnar sem settar voru niður áfram að vaxa og mynda skóg, sem síðar verður innblástur nýrra félaga til að endurvekja starfið. Ný kynslóð áhugamanna kemur upp um síðir – það sýnir áratuga reynsla skógræktarfélaganna. Skógrækt verður alltaf langtímaverkefni. Ein helsta dyggð skógræktandans er því þolinmæði.

Ragnhildur Freysteinsdóttir
ritstjóri

Laufblaðið

Fréttablað, 26. árgangur, 1 tölublað 2017.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 551-8150, www.skog.is

Ritstjóri:

Ragnhildur Freysteinsdóttir
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Stjórn Skógræktarfélags Íslands, kjörin á aðalfundi 2016:

Magnús Gunnarsson formaður
Sigrún Stefánsdóttir varaformaður
Sigríður Júlía Brynleifsdóttir gjaldkeri
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari

Meðstjórnendur:

Guðbrandur Brynjúlfsson
Páll Ingþór Kristinsson
Þuríður Yngvadóttir

Varamenn:

Kristinn H. Þorsteinsson
Laufey B. Hannesdóttir
Sigríður Heiðmundsdóttir

Eftirtalin fyrirtæki eru
aðalstyrktaraðilar
Skógræktarfélags
Íslands



Skógræktarfélag Íslands hefur um áraraðir staðið fyrir fræðsluferðum á erlenda grund og er þegar hafinn undirbúningur að ferð ársins 2018. Að þessu sinni er fyrirhugað að halda til Spánar, nánar til tekið í Pýreneafjöllin.

Hægt er að skrá sig strax á áhugalista fyrir ferðina til að fá nánari upplýsingar um hana um leið og þær liggja fyrir. Þegar dagskrá og verð ferðar liggur endanlega fyrir er opnað fyrir bókanir í ferðina (hjá þeirri ferðaskrifstofu sem heldur utan um ferðina) og er send tilkynning um það á áhugalistann, áður en bókanir eru almennt auglýstar. Til að skrá sig á áhugalista hafið samband við Skógræktarfélag Íslands, skog@skog.is eða s. 551-8150.

Takmarkaður sætafjöldi er í ferðina. Athugið að á áhugalista geta verið fleiri en komast með í ferðina og í hana gildir, líkt og fyrri ferðir félagsins, að fyrstur kemur, fyrstur fær!

(Mynd: Miguel303xm, Posets Viadós, CC BY 3.0)

Skógræktarferð til Spánar



Hin rafræna skógrækt

Aðildarfélög Skógræktarfélags Íslands eru hátt í 60 talsins um land allt. Helstu verkefni hjá flestum þeirra felast í gróðursetningu, umhirðu skóga og uppbyggingu útivistaraðstöðu í skógum félaganna, en einnig standa félögin fyrir hinum ýmsu viðburðum, svo sem fræðslugöngum og fyrirlestrum. Til þess að kynna félögin, starf þeirra og viðburði, eru ýmsar leiðir færar, en nú til dags er miklu af slíkum upplýsingum dreift eftir rafrænum leiðum, enda stór hluti þjóðarinnar í stöðugu sambandi með snjallsíma og önnur snjalltæki. Fyrir þá sem hafa áhuga á að fylgjast með félögunum kemur hér samantekt þeirra skógræktarféлага sem „eru á vefnum“. Er skógræktarfolk hvatt til að fylgjast með því góða starfi sem félögin eru að vinna um allt land.

Félög með virkar heimasíður eru:

Skógræktarfélag Akraness – www.skog.is/akranes
 Skógræktarfélag Árnesinga – www.skogarn.is
 Skógræktarfélag Eyfirðinga – www.skog.is/skeyf
 Skógræktarfélag Garðabæjar – www.skoggb.is
 Skógræktarfélag Hafnarfjarðar – www.skoghf.is
 Skógræktarfélag Íslands – www.skog.is
 Skógræktarfélag Kópavogs – www.skogkop.is
 Skógræktarfélag Mosfellsbæjar – www.skogmos.net
 Skógræktarfélag Reykjavíkur – www.heidmork.is
 Skógræktarfélag Selfoss – www.hellisskogur.is

Félög með almenna síðu á Facebook („Like-síðu“):

Skógræktarfélag Árnesinga
 Skógræktarfélag Bolungarvíkur
 Skógræktarfélag Borgarfjarðar
 Skógræktarfélag Eskifjarðar
 Skógræktarfélag Eyfirðinga
 Skógræktarfélag Eyrarsveitar
 Skógræktarfélag Grindavíkur
 Skógræktarfélag Hafnarfjarðar
 Skógræktarfélag Hveragerðis
 Skógræktarfélag Íslands
 Skógræktarfélag Kópavogs
 Skógræktarfélag Mosfellsbæjar
 Skógræktarfélag Neskaupstaðar
 Skógræktarfélag Ólafsvíkur
 Skógræktarfélag Rangæinga
 Skógræktarfélag Reykjavíkur
 Skógræktarfélag Selfoss

Félög með hópasíðu á Facebook („Group“-síðu):

Skógfell skógræktarfélag
 Skógræktarfélag Akraness
 Skógræktarfélag Eyrarbakka
 Skógræktarfélag Rangæinga
 Skógræktarfélag Sandvíkurhrepps
 Skógræktarfélag Seyðisfjarðar
 Skógræktarfélag Skagastrandar

Endurnýting viðar

Hér á landi er miklu magni af viði hent árlega í formi húsgagna, innréttinga, byggingahluta og vörubretta. Þarna leynast margar viðartegundir sem erfitt er að fá með öðrum hætti og/eða mjög kostnaðarsamt að ná til eða kaupa. Hvað húsgögnin varðar þá er ef til vill ekki um stór viðarstykki að ræða en það geta verið allmikil verðmæti í bútnum sem skólar og handverksfólk geta auðveldlega notað. Nefna má sem dæmi fætur af gömlum sófaborðum og fætur, setur og arma af stólum. Það er ekki bara að um gamlan við sé að ræða heldur var og er enn notaður úrvalsviður til húsgagnagerðar. Í innréttingum má finna góða viðarbúta t.d í gömlum skápum svo eitthvað sé nefnt. Viðartegundirnar sem ég horfi til eru tegundir eins og palisander, rósaviður, hnota, álmur, eik, askur, hlynur, tekk og mahogany. Margar af fyrrgreindum viðartegundum hafa runnið sitt tiskuskeið hér á landi gegnum árin. Það má ekki gleyma gólfborðum, glugga- og hurðæfnum en þar leynist margur gullmolinn eins og gulgreni, tekk, greni og gömul sænsk fura, rauðfura og tegundir skyldar mahogany. Oftar en ekki eru þessi viðarstykki máluð og er þá auðveldast að saga og hefla frá málningunni frekar en að leysa hana af með kemískum efnum.

Svo má velta því fyrir sér hvað sé svo hægt að gera úr þessum viðarbútum. Það þarf ekki stór viðarstykki í rennda skartgripi eða penna, skefti á salatähöld eða hnífsskefti og slíður. Tilvalið er að saga út jólas kraut úr þunnu efni. Þykkara efni er tilvalið í rennibekkin þar sem verða til skálar, bollar, staup og stjakar; svo eru endalausir möguleikar í útskurði, einnig að tálga til tréskartgripi, spæni og ausur. Ekki má gleyma vörubrettunum; þar er mörg spýtan nýtanleg í allt mögulegt allt frá myndarömmum og kertastjökum til húsgagna.



Rekavið er að sjálfsögðu hægt að nýta og vinna úr honum nær allt milli himins og jarðar. Erfitt getur reynst að halda biti í vélum og verkfærum svo vel sé vegna þess að oftast er ekki viðurinn búinn að hnoðast mánuðum og jafnvel árum saman í fjörunum eftir að hann losnar úr heljargreipum íssins og því hafa steinar og sandur þrýst langt inn í viðinn.

Rétt er að hafa í huga þegar gamall viður er endurnýttur að gæta þarf vel að nöglum og skrúfum áður en viðurinn er sagaður niður í vélum eins og bandsög eða ristisög. Yfirleitt er viðurinn frekar þurr og neistar frá nöglum geta auðveldlega tendrað bál í sogkerfi véla þegar minnst varir.



Í mínum huga eigum við að bera virðingu fyrir náttúrunni í heild sinni en ekki í pörtum og fullnýta það sem við getum. Parta umhverfishugsjónir eiga ekki rétt á sér. Við eigum að horfa til náttúrunnar sem einnar heildar og halda utan um hana þannig og fullnýta náttúruafurðir eins og trjávið eins og kostur er áður en við förum að brenna hann eða urða eins og við gerum allt of mikið af í dag. Að sjálfsögðu er viður



brenndur t.d. í eldstæðum heima fyrir. Það á ekki að henda öskunni beint í ruslið, það er hægt að nota hana á margvíslegan hátt. Hún er fyrirtaks áburður t.d. í blóma- og trjábeð á túnið og í grænmetisræktunina, til sápugetðar og sem slípiefni í skartgripasmíði.

Trausti Tryggvason



Allar myndir: Það er ýmislegt fallegt sem hægt er að vinna úr viðarbútum, þótt þeir séu ekki stórir, svo sem litlar skálar og hirslur, sköft, tölur, skartgripi, spúna, leikföng og margt, margt fleira (Myndir: Trausti Tryggvason)



Hlúð að Tré ársins 2006

Skógræktarfélag Íslands útnefni árlega Tré ársins. Er útnefningunni ætlað að beina sjónum almennings að því gróskumikla starfi sem unnið er um land allt í trjá- og skógrækt og benda á menningarlegt gildi einstakra trjáa um allt land. Hafa nú 25 tré fengið þessa útnefningu.

Tré ársins 2006 er myndarleg gráösp (*Populus x canescens*) að Austurgötu 12 í Hafnarfirði og var hún formlega útnefnd á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands, sem haldinn var í Hafnarfirði það ár.

Vaxtarlag trésins er nokkuð sérstakt, en það lagðist á sínum tíma upp að steypum vegg sem það óx upp með og hefur síðan þá vaxið út frá veggnum. Var nú í ár svo komið að tréð var farið að halla full mikið yfir götuna og í áttina að húsum hinum megin götunnar.

Fóru starfsmenn Skógræktarfélags Íslands því í fyrirbyggjandi aðgerðir og var ein stór grein tekin af trénu til að létta á því og koma vonandi í veg fyrir skaða á því í framtíðinni.



Efri mynd: Tré ársins 2006 fyrir snyrtingu.

Neðri mynd: Einar Gunnarsson skógfræðingur að störfum uppi í trénu (Myndir: BJ).

Landgræðsluskógar

Landgræðsluskógar eru umfangsmesta skógræktar- og landgræðsluverkefni skógræktarfélaganna. Núverandi samningur um Landgræðsluskóga rennur út á næsta ári, en verkefnið hefur verið rekið óslitið í hátt í þrjátíu ár. Af því tilefni verður fulltrúafundur skógræktarfélaganna árið 2017, sem fyrirhugaður er 25. mars, tileinkaður umræðu um verkefnið. Þess má til gamans geta að á vegum þess hafa skógræktarfélögin um land allt gróðursett rúmlega 20 milljón trjáplöntur í gegnum tíðina

Eru skógarnir víða farnir að setja mikinn svip á landið eins og sjá má á myndunum.



Að ofan. Landgræðsluskógur vex úr grasi og lúpinu á Seyðisfirði (Mynd: EG)

T.v. Mikið ræktunarstarf hefur verið unnið innan ramma Landgræðsluskóga á vegum Landsvirkjunar við Búrfell og er þar nú að vaxa upp hinn vöxtulegasti skógur úr rýrum jarðvegi (Mynd: EG).



Að ofan. Myndarlegur Landgræðsluskógur að Staðarborg í Breiðdal (Mynd: JÁJ).

T.v. Það er alveg hægt að vera týndur þótt maður standi upp í Landgræðsluskóginum á Fáskrúðsfirði (Mynd: JÁJ).

Að neðan. Landgræðsluskógurinn á Reyðarfirði fellur vel að landslaginu (Mynd: EG).



Svipmyndir skógræktar



T.v. Vetrarhátíð í Reykjavík var haldin dagana 1. – 4. febrúar. Voru ýmsir áhugaverðir viðburðir í boði og meðal annars bauð Grasagarður Reykjavíkur, í samvinnu við Garðyrkjufélag Íslands, upp á skemmtilega fræðslugöngu um Grasagarðinn, undir yfirskriftinni *Upplýst tré í mögnuðu myrkri*. Var sjónum þar beint að hinum ýmsu trjátegundum sem finna má í garðinum og voru valin tré lýst upp með ljóskösturum. Létu gestir smávægilega rigningu ekki á sig fá, en vel var mætt í gönguna – hátt í hundrað manns. Á myndinni er kastljósinu beint að hinu myndarlegasta birki (Mynd: RF).



T.h. Það eru ýmis störf sem sinna þarf í skóginum og sum getur verið mjög gott að vinna á veturna. Á Gunnfríðarstöðum á Bakásun, skógi Skógræktarfélags A-Húnavetninga, hefur verið í gangi fyrsta grisjun á lerki nú síðla vetrar, enda góð vetrarfærð um skóginn og snjólétt. Hluta efniviðarins sem til fellur verður flett í borðvið og hluti fer til Elkem á Grundartanga, sem hráefni í framleiðsluna þar. Hafa verktakar séð um grisjunina fyrir félagið. Á myndinni eru þeir Helgi Sigurðsson og Johan Holst, skógarbóndi í Skagafirði, á góðum degi í skóginum, ásamt ferfættum „aðstoðarmanni“ (Mynd: Páll Ingbór Kristinsson).



(Mynd: Margrét Hugadóttir).

Allir lesa Laufblaðið!

Þótt Skeggi sé þéttbýlisbúi hefur hann mikinn áhuga á útiveru og umhverfismálum. Þar sem hann er með tengsl inn í Landvernd, sem deilir skrifstofu með Skógræktarfélagi Íslands, fannst honum hann verða að kynna sér aðeins starfsemi nágrannanna í Skógræktarfélaginu og gluggaði því í Laufblaðið.

Allir eru hvattir til að senda inn skemmtilega mynd af einhverjum að lesa Laufblaðið. Fyrirsætur mega vera sem fjölbreytilegastar hvað varðar stærð, þyngd, litarhaft, hárrýði, kyn eða tegund! Sendið mynd, nafn ljósmyndara og nafn fyrirsætu til ritstjóra á netfangið rf@skog.is.

Barnahornið - lausn gátu í 3. tbl. Laufblaðsins 2016



Svipmyndir skógræktar



T.v. Hið pattaralegasta sitkagreni í Vestmannaeyjum. Þótt jarðvegurinn sé heldur dapur getur grenið spjarað sig ágætlega, svo fremi að það sé í þokkalegu skjóli, enda fær það góða meðgjöf af mold og hrossataði við gróðursetningu (Mynd: Halla Svavarsdóttir).



Skógar skógræktarfélaganna eru meðal vinsælustu útivistarsvæða landsins og eru þeir nýttir til útivistar allan ársins hring, til að viðra fólk og ferætlinga, enda gaman að sjá hvað skógurinn breytir um svip eftir árstíðum. Hér má sjá svipmynd frá góðviðrisdegi í Danielslundi í Borgarfirði nú síðla vetrar, en hann er einn skógarreita Skógræktarfélags Borgarfjarðar og Opinn skógur. Eins og sjá má á henni Emblu á myndinni var mjög gaman að vera úti í skóginum (Mynd: RF).

Barnahornið

Á MYNDUNUM ERU TÍU ATRÍÐI EKKI EINS Á BÁÐUM MYNDUNUM. FINNIÐ ÖLL TÍU!

